

Nd.

153. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter frá 16. nóv. 1907, svo og á 1. gr. laga frá 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipan millipinganevndar.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Magnús Blöndahl.

Að því er snertir gjald af vindlum, sem gjörðir eru hér á landi, skulu lög frá 16. nóv. 1907 um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter úr lögum numin, svo og skulu úr gildi feld ákvæði 1. gr. laga frá 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og um skipan millipinganevndar að svo miklu leyti sem þau lúta að gjaldi af innlendri vindlagjörð.